

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 300/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1451 frá 13. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar tilkynningar um sjúkdóma og upplýsingar sem aðildarríkin skulu leggja fram varðandi samþykki fyrir og skýrslugjöf um skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir og í umsóknum um sjúkdómalausna stöðu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1451**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1451 frá 13. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 179, 14.7.2023, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1451, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 179, 14.7.2023, bls. 48.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.